

## HNÚKAPEYR



### Um Hnúkapey

Blásaraoktettinn Hnúkapeyr var stofnaður árið 2003 og hefur síðan komið reglulega fram á tónleikum í Reykjavík, ennfremur á landsbyggðinni. Markmið Blásaraoktettsins Hnúkapeys er að auðga menningarlíf Reykjavíkur með því að efna reglulega til tónleika þar sem fluttir verða blásaraoktettar, auk tónlistar fyrir stóra og smáa hópa þar sem blásturshljóðfæri eru í forgrunni. Hnúkapeyr hefur pantað og frumflutt ný íslensk verk eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Elínu Gunnlaugsdóttur, Sigrún Kristbjörgu Jónsdóttur, Harald Vigni Sveinbjörnsson og Steingrím Þórhallsson. Auk þess stóð Hnúkapeyr fyrir frumflutningi á Íslandi á tveimur nonettum eftir Herbert H. Ágústsson og Pál P. Pálsson. Framangreind verk hafa öll verið hljóðrituð.

Dómar um tónleika hópsins voru frá upphafi lofsamlegir. Ríkarður Ö. Pálsson skrifaði eftirfarandi um tónleika Hnúkapeys: “Túlkun þeirra áttmenninga var nefnilega af þeirri gæðagráðu að maður hlaut snemma að spyrja hvort ekki væri fullt tilefni til að senda slíkt út fyrir landsteina í tónleikaför, eða varðveita á hljómdiski – helst hvort tveggja.”

Íslenska orðið hnúkapeyr stendur fyrir hlýja fjallagolu úr suðri.

**Peter Tompkins** lauk einleikarprófi frá Royal College of Music og tónlistarkennarprófi frá Royal Academy of Music í Lundúnum. Hann hefur verið búsettur á Íslandi frá árinu 1988 og tekur virkan þátt í tónleikahaldi hér á landi. Peter er fastráðinn óbóleikari við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann hefur komið fram á tónleikum víða utan Íslands, m.a. á Norðurlöndum, í Rússlandi, mið-Evrópu og Bandaríkjunum. Peter var heiðurslaunþegi menningasjóðs Garðabæjar árið 2000.

**Eydís Franzdóttir** lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1987 og stundaði framhaldsnám í London. Hún lék um skeið með samevrópsku hljómsveitinni Acadya, en var svo ráðin fyrsti óbóleikari tékknesku útvarpshljómsveitarinnar í Pilzen í apríl 1992. Eydís hefur komið fram sem einleikari, með kammerhópum og hljómsveitum víða um Evrópu, Norður-Ameríku og á Íslandi, þar sem hún starfar nú og leikur m.a. með CAPUT-hópnum.

**Ármann Helgason** lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1988 og stundaði framhaldsnám í London. Hann hefur komið víða fram sem einleikari, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hann er klarinettuleikari kammerhópsins Camerartica og leikur. Ármann hlaut Tónvakaverðlaun Ríkisútvarpsins árið 1995.

**Rúnar Óskarsson** lauk einleikara- og kennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1993. Þaðan lá leiðin til George Pieterse í Amsterdam þar sem Rúnar lauk einleikarprófi með láði 1996. Hann lauk einnig einleikarprófi á bassaklarínettu vorið 1998 hjá Harry Sparnaay. Rúnar starfar nú með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að leika með Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT-hópnum, fleiri kammerhópum og starfa við kennslu.

**Emil Friðfinnsson** hóf tónlistarnám á Akureyri. Hann stundaði framhaldsnám við Tónlistarskólann í Reykjavík og síðan við tónlistarháskólann í Essen í Þýskaland. Eftir að hafa starfað í hljómsveitum í Þýskalandi um nokkura ára skeið sneri Emil heim og hefur síðan verið fastráðinn í Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að leika með ýmsum kammerhópum s.s. kvintett Coretto og Kammersveit Reykjavíkur. Emil hefur verið hornleikari CAPUT-hópsins frá 1987.

**Anna Sigurbjörnsdóttir** lauk blásarakennarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1991. Hún stundaði síðan nám við Norges Musikkhøgskole í Ósló og lauk þaðan prófi 1995. Anna hefur spilað með ýmsum hljómsveitum m.a. í Norsku Óperunni og Norsku Útvarpshljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Prándheims, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hljómsveit íslensku Óperunnar. Anna var tónleikastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2013-2020 og er í dag skólástjóri Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts.

**Snorri Heimisson** lærði á flautu frá níu ára aldri. Þegar hann var á öðru ári í blásrakennadeild Tónlistarskólans í Reykjavík valdi hann fagott sem aukahljóðfæri og eftir það var ekki aftur snúið. Snorri útskrifaðist 2003 með Diplómu í hljómsveitarleik frá Konunglegu tónlistarakademiunni í Kaupmannahöfn. Hann hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, hljómsveit Íslensku óperunnar, Aton, Ísafol og Caput. Hann var stjórnandi Lúðraveitar verkalýðsins 2007-2011 og er í dag stjórnandi Skólahljómsveitar Austurbæjar og Lúðrasveitarinnar Svanur.

**Kristín Mjöll Jakobsdóttir** nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk Mastersprófi frá Yale School of Music vorið 1989. Ennfremur stundaði hún nám við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam og í Cincinnati, Ohio. Veturinn 1991-92 starfaði Kristín með Fílharmóníuhljómsveitinni í Hong Kong og var búsett þar til 1998. Hún hefur auk kennslu leikið meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslensku óperunni og ýmsum kammerhópum. Hún starfar nú sem skólástjóri Tónlistarskóla Vesturbyggðar.

**Starfsáætlun 2024****Tónleikaferðalag Hnúkapeys á Vestfjörðum í apríl-maí**

13. apríl – Tónleikar í Félagsheimili Patreksfjarðar

14. apríl – Tónleikar í Tálknafjarðarkirkju

**Efnisskrá:**

Beethoven: Oktett í F-dúr

Mozart: Serenaða í c-moll

Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir: Kvöldstef og Chorale

**Hnúkapeyr/Camerarctica****17. nóvember – á Sígildum sunnudögum í Hörpu**

Franz Schubert: Oktett í F-dúr D.803 (1824)

fyrir klarinett, horn, fagott, strengjakvartett og kontrabassa

**Fjárhagsáætlun 2024 – vor og haust**

<b>Hnúkapeyr</b>			
<b>Serenöður, Sigrún og Schubert</b>			
<b>Fjárhagsáætlun 2024</b>			
<b>Kostnaður</b>			
Þóknun hljóðfæraleikara vegna tónleikaferðalags		8x120.000	960.000
Ferðakostnaður, flug		7x40.000	280.000
Ferðakostnaður, bíll	1 bílaleigubíll í einn dag		50.000
Gisting	2 nætur - 2 bústaðir á leigu	2x2x25.000	100.000
Fæðiskostnaður			80.000
Salarleika á Patreksfirði			50.000
Þóknun hljóðfæraleikara vegna Schubert tónleika		3x80.000	240.000
Salarleiga í Hörpu, helmingshlutur		50% af 200.000 kr	100.000
Annað og ófyrirséð			50.000
<b>Kostnaður alls</b>			<b>1.910.000</b>
<b>Tekjur</b>			
Miðasala			120.000
Tónlistarsjóður			800.000
Menningarsjóður FÍH			150.000
Menningarmálanefnd Vesturbyggðar			200.000
Orkubú Vestfjarða			150.000
Styrkir frá fyrirtækjum á Vestfjörðum			300.000
Lionsklúbbur Patreksfjarðar			150.000
Eigið framlag			40.000
<b>Tekjur alls</b>			<b>1.910.000</b>

**Tónleikaskrá frá upphafi**

- 2023 Tónleikar 11.nóvember í Breiðholtskirkju, 15:15 tónleikasyrpan  
Kvöldlokkur eftir Mozart og Beethoven –Hnúkaþeyr 20 ára, afmælistónleikar
- 2023 Tónleikar 22. janúar í Hörpu, Norðurljósum (Sígildir sunnudagar)  
Stravinsky og Raff (14 flytjendur)
- 2022 Tónleikar 11. júní í Breiðholtskirkju, 15:15 tónleikasyrpan  
Hnúkaþeyr/Camerarctica samstarfstónleikar: Nielsen og Berwald
- 2021 Tónleikar 29. september í Hörpu, Norðurljósum  
Gran Partíta eftir Mozart (14 flytjendur)  
Tónleikar 17. apríl í Breiðholtskirkju, 15:15 tónleikasyrpan  
Tónleikar 15. mars í Félagsheimili Patreksfjarðar  
Blásarakvintett leikur norræn verk í alþjóðlegu samhengi
- 2019 Tónleikar í Breiðholtskirkju, 15:15 tónleikasyrpan:  
Íslensk og tékknesk tónlist, frumflutningur á verkum eftir Harald Vigni Sveinbjörnsson og Steingrím Þórhallsson.
- 2018 Tónleikar í Hörpu, Norðurljósum, Íslensk-tékknesk tónlistarhátíð:  
Íslensk og tékknesk tónlist, frumflutningur á Kvöldstef efir Sigrúnu Kr. Jónsdóttur
- 2017 Tónleikar í Hörpu, Norðurljósum, Sígildir sunnudagar:  
Íslensk tónlist, frumflutningur á Chorale eftir Sigrúnu Kristbjörgu Jónsdóttur
- 2014 Tónleikar í Hörpu, Kaldalóni: Soft Wind Serenades
- 2013 Fimm tónleikar í Hörpu í samvinnu við cccr.is
- 2012 Tónleikar í Norræna húsinu, Francaix hátíð
- 2011 Tónleikar í Norræna húsinu, 15:15 tónleikaröðin: Mozart og Poulenc kvintettar  
Tónleikar á Myrkum músíkdögum:  
Frumflutningur á blásaraoktett eftir Elínu Gunnlaugsdóttur
- 2009 Tónleikar á Kjarvalsstöðum: Tónlist eftir Jean Francaix
- 2008 Tvennir tónleikar á Myrkum músíkdögum: á Kjarvalsstöðum og í Salnum  
Frumflutningur á verkum eftir Önnu Þorvaldsdóttur og Jónas Tómasson
- 2007 Tónleikar í Fríkirkjunni í Reykjavík: Tékknesk tónlist, Dvorák og Krommer
- 2006 Tvennir tónleikar í Dómkirkjunni í Reykjavík:  
Frumflutningur á Íslandi á verkum eftir Pál P. Pálsson og Herbert H. Ágústsson
- 2005 Þrennir tónleikar: í Dómkirkjunni í Reykjavík, á Hvolsvelli og í Reykjanesbæ
- 2004 Tvennir tónleikar: Háskólatónleikar og tónleikar í Þorlákshöfn
- 2003 Þrennir tónleikar: á Björtum dögum í Hafnarfirði og í Dómkirkjunni í Reykjavík